

Stjórn Landspítala

Fundargerð

Dagsetning tími	26. ágúst 2022 kl. 13:00
Staðsetning	Skaftahlíð 24, R (Salur: Furuhlíð 1, 1.h.)
Númer fundar	02
Viðstaddir	<u>Stjórn</u> : Björn Zoëga formaður, Sólrún Kristjánsdóttir varaformaður, Höskuldur H. Ólafsson, Ingileif Jónsdóttir og Gunnar Einarsson <u>Áheyrnarfulltrúar starfsmanna</u> : Marta Jóns Hjördísardóttir <u>Aðrir</u> : Runólfur Pálsson forstjóri Landspítala, Oddur Gunnarsson lögfræðingur, Bryndís Guðmundsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu fjármála (sbr. lið 5-6) og Gunnar Ágúst Beinteinsson, framkvæmdastjóri mannauðs (sbr. lið 7) <u>Fjarverandi</u> : Örvar Gunnarsson, áheyrnarfulltrúi starfsmanna.
Fundarstjóri:	Björn Zoëga formaður
Fundarritari:	Oddur Gunnarsson

Formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna.

Dagskrá

1. Starfsreglur stjórnar, Drög - Rædd eru sjónarmið um ítarlegri starfsreglur og jafnframt að óþarfi sé að endurtaka í starfsreglum ákvæði sem er að finna í lögum og reglugerð. Þegar litið er til þess að stjórnin er ný og starf hennar enn í mótun er ákveðið að byggja starfsreglurnar á fyrirbyggjandi drögum þar til annað verður ákveðið. Áréttað er að stjórnin geti hvenær sem er breytt og aðlagð starfsreglurnar eftir því sem þurfa þykir. Minnt er á að starfsáætlun stjórnar sé ekki síður mikilvæg og að hún ætti að hafa forgang á næsta fundi.
Marta áheyrnarfulltrúi starfsmanna gerir athugasemd við að áheyrnarfulltrúar hafi ekki fengið aðgang að gögnum stjórnar með sama hætti og aðrir stjórnarmenn. Hún hafi því ekki haft tækifæri til að undirbúa sig eins og aðrir fyrir fundinn.
Umræður
2. Skipulag stjórnarfunda – Formaður kynnir tillögu að fundartímum stjórnar næstu sjö mánuði;
 - 23. sept. 2022
 - 21. okt. 2022
 - 25. nóv. 2022

- 23. des. 2022
- 27. jan. 2023
- 17. feb. 2023
- 10. mars 2023

Áformað að drög að starfsáætlun verði lögð fram á næsta fundi. – Jafnframt verði á þeim fundi rædd fjármál spítalans í aðdraganda fjárlaga.

3. Heimsókn á Landspítala – Stjórnarmönnum er boðið í heimsókn/kynningu á spítalann fyrir hádegi 23. sept. nk. sem jafnframt er næsti fundardagur.
4. Skýrsla forstjóra – Runólfur kynnr; Staða spítalans í lok sumars 2022 (Mönnun – Meginverkefni – Uppbygging á Grensás – NLSH – Skortur á hjúkrunarfræðingum og læknum o.fl.) – Einnig; Áskoranir og verkefni framundan – Umræður.
5. Fjármál – Bryndís Guðmundsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu fjármála kynnr – Kynntar og ræddar fyrirleggjandi upplýsingar um rekstrarafkomu 2015-2021 og horfur fyrir 2022. Einnig um áhrif covid og áhrif skorts á heilbrigðisstarfsfólki einkum hjúkrunarfræðinga og lækna. – Umræður.
6. Staða innleiðingar þjónustutengdrar fjármögnunar (DRG) – Bryndís Guðmundsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu fjármála kynnr. – M.a. rætt um „skuggakeyslu“ og hverjar séu líkur á að áætlanir og áform um tímasetningar standist. – Umræður.
7. Mannauðsmál – Gunnar Ágúst Beinteinsson framkvæmdastjóri mannauðs annast kynningu – Rætt um skipulag, stöðugildi, mannauðsmælikvarða, aukagreiðslur vegna covid, stöðuna í kjölfar covid, breytingu á vinnutíma o.fl. – Umræður.
8. NLSH – Framhald umræðu - Runólfur kynnr og gerir grein fyrir stjórn verkefnisins til þessa og takmarkaða aðkomu Landspítala í gegnum notendaráðgjöf. Nú hefur NLSH verið falið að annast áætlun um nýtingu eldri bygginga. Það er ljóst að verkefnið er á tímamótum og brýnt að stjórnendur á Landspítali komi beint að verkefninu eins fljótt og hægt er. Formaður bendir á að ekki þurfi að leita langt til að finna vond fordæmi í nágrennalöndum okkar þar sem spítalar hafi ekki fengið aðkomu að nýbyggingum fyrir starfsemi sína fyrr en allt of seint með tilheyrandi óhagræði, töfum og kostnaði.
9. Önnur mál – Ekkert sérstakt rætt undir þessum lið.

Næsti fundur áformaður föstudaginn 23. september 2022 kl. 13:00

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:00